

Tillögur Eyþings að áhersluverkefnum 2015

Verkefni 1	Norðurland – Hlið inn í landið
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Koma á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll til lengri tíma. • Fjölga erlendum ferðamönnum á Norðurlandi og lengja dvalartíma þeirra. • Bæta dreifingu ferðamanna um landið með því að opna tækifæri fyrir þá að fljúga beint á Norðurland. • Bæta möguleika íbúa og atvinnulífs á Norðurlandi til beinna flugsamgangna til útlanda.
Stutt verkefnislýsing (hvaða vandamál á að leysa?)	<ul style="list-style-type: none"> • Vinna að því að koma á fót reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll með markaðssetningu á Norðurlandi til flugfélaga og ferðamanna. • Auðvelda með því aðgengi erlendra ferðamanna að Norðurlandi og auka hlutdeild Norðurlands í heimsóknum erlendra ferðamanna. • Vinna að því að bæta starfsskilyrði og samkeppnishæfni Akureyrarflugvallar sem alþjóðaflugvallar. • Taka þátt í sýningum, ráðstefnum og fyrirtækjastefnumótum, þar sem Norðurland er kynnt. • Þjóða fulltrúum flugfélaga og ferðaskrifstofa til Norðurlands til að kynna þeim svæðið. • Taka mögulega þátt í markaðsaðgerðum fyrir Norðurland í samstarfi við flugfélag í upphafi millilandsflugs (auðvelda inngöngu á markað)
Framkvæmdaaðili (ef fleiri en einn, tilgreinið hlutdeild hvers af heildarstyrkupp hæð)	Markaðsstofa Norðurlands – Flugklasinn Air 66N
Samstarfsaðilar	Isavia, atvinnuþróunarfélögin á Norðurlandi, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Eyþing og ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Eins og fram kemur í Sóknaráætlun Norðurlands eystra þá voru það afdráttarlaus skilaboð frá samráðsfundum sóknaráætlunar að stærsta hagsmunamál landshlutans væri að koma á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll (bls. 3 og 11-12).</p> <p>Í Sóknaráætlun er leiðarljós í ferðaþjónustu að reglulegt millilandaflug verði um Akureyrarflugvöll allt árið. Einnig er fjallað um öfluga sameiginlega markaðssetningu á Norðurlandi, fjölgun ferðamanna og jafnari dreifingu þeirra milli landshluta og innan hans.</p>
Árangursmælikvarðar (afurðir og áhrif á samfélagið)	<ul style="list-style-type: none"> • Viðræður komnar vel á veg við flugfélag eða leiguflugsrekanda • Akureyrarflugvöllur verði kynntur á Routes flugráðstefnunni í samstarfi við Isavia • Ítarlegt kynningarefni verði til fyrir Norðurland sem áfangastað fyrir millilandaflug.

	<ul style="list-style-type: none"> Norðurland verður kynnt á ferðasýningu/vinnustofu á tímabilinu með áherslu á vetrarpakka. A.m.k ein kynnisferð fyrir ferðaskrifstofur á tímabilinu frá áherslumörkuðum þ.e. Bretlandi, Þýskalandi eða Danmörku Að a.m.k 5 blaðamannaheimsóknir séu frá áherslumörkuðum. <p>Ytri mælikvarðar fyrir verkefnið eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> Gistinóttum erlendra ferðamanna frá áherslumörkuðum fjölgi á Norðurlandi að vetri. Fjölgun farþega í millilandaflugi um Akureyrarflugvöll. Nýir kynningarpakkar sem miða að dreifingu ferðamanna verði til.
Lokaafurð	Viljayfirlýsing um reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll
Tímarammi	September 2015 – nóvember 2016
Áætlaður kostnaður	30.000.000
Framlag úr sóknaráætlun 2015	15.000.000 kr. Áþekkt verkefni (sama heiti) var í Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2013, en ekki reyndist þá mögulegt að koma því í framkvæmd. Ónýtt fjármagn (15.000.000 kr.) var flutt í nýjan samning 2015 – 2019. Því fjármagni er nú úthlutað til þessa verkefnis sem hefur verið endurskilgreint. (15.000.000 kr. framlag kemur frá sveitarfélögum og ferðaþjónustufyrirtækjum).